

son, og þykir því sannað, að áverki sá, er Davíð hefur hlotið, stafi af höggum ákærða. Hefur hann með þessu atferli sínu brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Davíð Davíðsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 10000.00 krónur í skaðabætur vegna áverka, þjánainga og vinnutaps, einnig hafi hann tafizt frá námi. Þá þurfi hann að fá sér gerfitennur í stað þeirra tveggja, er taka þurfti. Hann kveðst hafa ætlað að taka efnafræði- og heimspekípróf s. l. vor, en hafi sökum meiðslanna eigi getað það, og verði hann að fresta efnafræðíprófinu til næsta vors, en heimspekíprófinu fram á miðjan næsta vetur. Verður ekki séð, að krafa þessi sé óeðlilega há, þegar tillit er tekið til áverka og þjánainga, röskunar á stöðu og högum, sem Davíð Davíðsson hefur orðið fyrir. Þykir því verða að taka hana að öllu leyti til greina og dæma ákærða til greiðslu þessara skaðabóta. Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, en hann stafar af miklum önnum og sumarleyfi rannsóknardómarans.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera :

Ákærði, Geir Emil Einarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Hann greiði Davíð Davíðssyni kr. 10000.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1947.

Nr. 150/1946. **Oliuverzlun Íslands h/f**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h. hreppsins**

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útsvarsmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. nóvember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m.

Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Svo sem lýst er í úrskurði fógeta, hefur áfrýjandi erfðaleiguland, hús og benzíndælu ásamt geymi til afnota við sölu benzíns á Blönduósi. Hlítir sölumaðurinn ákvörðunum hans um útsöluverð benzínsins og annast söluna gegn tiltekinni þóknun. Þenna rekstur áfrýjanda verður að telja heimilisfasta atvinnustofnun hans í Blönduóshreppi, og var hann því útsvarsskyldur samkvæmt 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936.

Úrskurður fógeta verður því staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Oliuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h. hreppsins, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 19. júlí 1946.

Gerðarbeiðandi, Steingrímur Davíðsson, oddviti Blönduóshrepps, hefur f. h. Blönduóshrepps krafizt lögtaks í eignum gerðarþola, Oliuverzlunar Íslands h/f á Blönduósi, til tryggingar og lúkníngar útsvari til Blönduóshrepps, álögðu á nefnt félag á árinu 1944, að upphæð kr. 900.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Umboðsmaður gerðarþola, sölumaður hans hér á staðnum, Zophonías Zophoníasson bifreiðarstjóri hefur mótmælt því, að lögtakið verði látið fram fara með þeim rökum, að benzín- og oliusala gerðarþola á Blönduósi sé ekki útsvarsskyld.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, rekur Oliuverzl-

un Íslands h/f verzlun á Blönduósi með benzin og smurningsolíur í eigin húsi og á eigin lóð. Eru vörurnar fluttar á staðinn að öllu leyti á kostnað og ábyrgð félagsins og geymdar á þess ábyrgð. Sá maður á Blönduósi, sem annast afgreiðslu varanna fyrir félagið, ræður engu um verð þeirra né tilhögun verzlunarrekstursins og ber enga ábyrgð á honum umfram venjulegan búðarþjón. Hann hefur fyrirmæli um að selja gegn staðgreiðslu.

Honum ber að skila andvirði hinna seldu vara, líkt og búðarþjóni. Frá beinni „kontant“ sölu og skilum andvirðis er þó sú frávikning, að talsverður hluti sölunnar fer fram samkvæmt fyrir-mælum félagsins til tiltekinna aðilja, sem félagið hefur samið við milliliðalaust, og greiða þeir andvirði vörunnar beint til félagsins (gerðarþola). Greiðsla til sölumanns félagsins á Blönduósi er ákveðin sumpart sem tiltekinn aurafjöldi af seldum lítra, sumpart sem hundraðsgjald af söluverði. Er slíkur háttur alþekkt kaup-greiðslu fyrirkomulag, er í hlut á sölumaður við útibú verzlunar, enda þótt hitt kunni að vera tíðara, að kauphæðin sé ákveðin í krónum.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, verður að telja, að verzlunarrekstur Oliuverzlunar Íslands h/f á Blönduósi sé raunverulegt útibú, rekið þar, en af því leiðir, að greiða ber útsvar af verzlunarrekstrinum samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/1936.

#### Því úrskurðast:

Oliuverzlun Íslands h/f ber að greiða útsvar af verzlunarrekstri útibús þess á Blönduósi til Blönduóshrepps, og ber því að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgerð.